

Nd.

30. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 79, 14. nóvember 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, bætist ný grein, svo hljóðandi:

Í samþyktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 100—1000 krónur, fyrir brot. Sektir allar renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

2. gr.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 79, 14. nóvember 1917, og gefa þau út svo breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Í lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða i kaupstöðum, hafði láðst að ákveða, að i samþyktum mætti ákveða sektir fyrir brot á þeim. Af þessu hefir það leitt, að stjórnarráðið hefir eigi sjeð sjer fært að samþykkja samþykt, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið um þetta efni. Frumvarp þetta er því komið fram til að ráða bót á þessu.

Fyrir hinum ýmsu greinum frumvarpsins mun gerð grein i framsögu málsins.